

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, 79
um breytingu á sóknaskipun. 19. des.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 6. f. m., um að jarðirnar Fjall, Útverk, Framnes og Ósabakki í Skeiðahreppi, en í Skálholtssókn, megi hjer eftir teljast til Ólafsvallasóknar, skal yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeigendum, að ráðuneytið samkvæmt tillögum yðar samþykkir þessa breytingu á sóknaskipuninni, enda samþykki næsti hjeraðsfundur hana.

AUGLÝSING

um

80
17. des.

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjer með staðfest eftirfarandi

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

80

17. des.

2. gr.

Pegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstjettarbrún, sem auðið er. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar, en þeir eru þó ekki skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar reglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnustu götum eða þar, sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera renni- brautir, renna sjer á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum eða sleðum og bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örva- bogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri eða Innrihöfn, Enginn má nota skotvopn, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sem einnig getur svift menn slíku leyfi. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sjerstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að

allrar varúðar sje gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má **80**
hvorki geyma í íbúðarhúsum nje annarsstaðar þar, sem hætta stafar af. **17. des.**

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum orðum eða ósæmilegum, eða með því að sýna af sjer ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt, hafa í frammi ölæðislæti eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap o. s. frv.

Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi háreysti á almannafæri, gjöra einhvern óskunda, barsmíð eða áreitni, má setja í varðhald og skulu þeir sæta sektum eigi minni en kr. 50,00.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafíð sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjar-sjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðs-stjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema að þurfi að

80 gera vart við eldsvoða. Brot gegn þessari grein varða sektum, er eigi 17. des. sjeu lægri en 50 krónur.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð, og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húsriðum, í garðshliðum eða öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús, eða á húslóðir, nje fara inn í híbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Stjettir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má ekki fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagn nje önnur aktól nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur eða hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarsstaðar á almannafæri. Byssur skal ávalt bera þannig, að opið viti upp.

16. gr.

Á almannafæri má eigi leggja, hengja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megí vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutninga, og setur sjerstakar reglur þar að lútandi.

17. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar um-

ferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. gera að fiski, draga af línu, telgja við, höggva grjót, járna hest eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfduka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris, herða fisk eða annað þesskonar. 80
17. des.

18. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði við á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtaþotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, snjóboltum, nöglum, fiski-úrgangi, hálm, ávaxtahýði, pappírslusli eða öðru þesskonar á almannafæri, nje heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sjer hættu, óþrifnað eða óþægindi fyrir vegfarendur.

20. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu 1. september til 14. maí, og ekki seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum. Bannað getur lögreglustjóri börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum bæjarins.

21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi veganefndar og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

80

17. des.

22. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burt, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði viðkomið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið í burtu, án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 sm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggapvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járn göddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðsafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trjevegg eða annari girðingu liggur við hrúni eða falli. —

25. gr.

Nú álitur veganeftnd, að bryggjum eða öðrum mannvirkjum sje svo áfátt, að aðgerðar þurfi við, svo sem t. d. þegar göt eru á, eða mann-

virkin eru svo fúin eða sprungin, að hætta getur af því stafað, að álitir veganefndar, fyrir þá, sem um fara, þá getur bæjarstjórn heimtað af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, sem bæjarstjórn telur þurfa, svo hættulaust sje. 80
17. des.

Nú er aðgerðin ekki framkvæmd svo fljótt sem bæjarstjórn telur þurfa, og getur hún þá látið aðgerðina fram fara á kostnað eigandans, og má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda mannvirkisins og hvílir aðgerðin sem lögveð á eigninni á undan öðrum veðböndum.

Nú er eigandi eða umráðamaður mannvirkis, sem aðgerða þarf, ekki viðstaddur í bænum, eða ekki næst til hans hjer á landi, og er þá bæjarstjórn heimilt að framkvæma aðgerðina á kostnað eigandans án tilkynningar.

26. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

27. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járn eða öðrum málm beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi uns bjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járn eða öðrum málm, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 sentimetrar.

28. gr.

Um þakrennur og rensli frá húsum í göturæsin eða rennurnar, skal svo umbúið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt og holræsa-reglugjörð kaupstaðarins.

29. gr.

Eigi má kasta í höfnina og fram af bryggjum eða í fjöruna, grjóti, mól, sandi, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskiúrgangi nje öðru slíku, og ekki skilja neitt slíkt þar eftir.

III. KAFLI.

Um reið, lestarflutning og akstur á götum bæjarins.

30. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýði-

80 legrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu
 17. des. eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðar en á hægu brokki og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins farið fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstjettir bæjarins.

31. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horuðum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar sem bita eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

32. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götum fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

33. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að verða mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgi skulu veru haldgóð og hesturinn vel gyrtur við vagninn.

Sæti ökumanns á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanninum skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

34. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum

eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára. 80
17. des.

35. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veitist ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Ekki má flytja tómar tunnur á vögnum eða bifreiðum, nema þeim sje traustlega fest með vörpu eða neti, er nái út yfir alt hlassið. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljóttist af.

36. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni. —

37. gr.

Með vagna og hesta má aðeins fara eftir þeim hluta strætisins, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

38. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstjett til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagna eða hest, sem á undan fer.

39. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrudgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

40. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst gangstjettinni eða götugaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götugaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru

80 fyrir beint á móti hinu megin á götunni. Ennfremur er bannað að nema
17. des. staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau.

41. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

42. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

43. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI.

Um bifreiðar.

44. gr.

Bifreið nefnist í samþykt þessari hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af aflvjel í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþyktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

45. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álist hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömu leiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlægi.

46. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða nr. 88 frá 14. nóvbr. 1917 og reglugjörð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugjörðum sem síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal tendra á bifreiðum þegar dimt er orðið, og ákveður lögreglustjóri með sjerstakri auglýsingu árlega, hvenær kveikja beri.

47. gr.

80

17. des.

Sjerhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hjer í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar samþykta, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merki með áletruðu H.F. og tölumerki, sem festa skal aftan á bifreiðina, svo að sjáist greinilega og má ekki taka það af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan á bifreið, sem skrásett er í bænum. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra, skriflega. —

48. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sje fullra 21 árs að aldri og hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskírteini og tölumerki skírteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

49. gr.

Ökuhraða bifreiða skal altaf temprá svo, að komist verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sje ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sjer skamt frá sjer, í kröppum bugðum við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megí bifreiðina þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur eða gangstjettir.

50. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

51. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri, og ávalt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða

80 óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá 17. des. hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlægi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða.

52. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

53. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim, sem slasast hefir ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvjel hennar.

Bifreiðarstjóri skal og ávalt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

Stranglega skal banna börnum, að hanga aftan í bifreiðum og skulu bifreiðarstjórar sæta ábyrgð fyrir að leyfa börnum það. Ekki mega bifreiðarstjórar heldur flytja börn út úr bænum, nema í farþegarúmi þar sem vel fer um þau.

54. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugjörðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI.

Um reiðhjól.

55. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess er hjer segir:

- a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báða fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
- b. Á hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki

horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót. **80** 17. des.

- c. Á hverjum hjólum skal þegar dimt er vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn verður fyrir bifreiðar.
- d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, nje gangstjettina. Skytt er hjólamannti að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
- f. Ef slyss vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. KAFLI.

Um rekstur grípa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

56. gr.

Alifugla má eigi hafa á kaupstaðarlóðinni frá 1. maí til 15. sèpt. nema þeir sjeu í afgirtu svæði eða öruggri vörslu.

57. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins. Bannað er að flytja kindur bundnar í vögnum um bæinn. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár.

58. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir. Hesta, sem ráfa um-hirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra á kostnað eigenda þeirra. Hestaeigendur eru skyldir að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum, sama gildir og um sauðfjenað.

80

59. gr.

17. des.

Nautgripir mega ekki ganga lausir um götur bæjarins, nema þegar þeir eru reknir í eða úr haga.

60. gr.

Um hrossarekstur eða sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins, getur lögreglustjóri gert þær ráðstafanir, sem honum þykja nauðsynlegar til þess að afstýra farartálma, eða hættu fyrir vegfarendur.

VII. KAFLI.

Um hundahald.

61. gr.

- a. Flækingshunda, en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign kaupstaðarbúa, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandi ekki gefur sig fram innan þriggja sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíkan hund. Sama gildir um ómerkta hunda.
- b. Enginn má siga hundi á menn, eða láta fyrirfarast að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við, að hundurinn ræðst á menn.
- c. Hundar, sem áreita menn, eða ráðast á skepnur, skulu rjettdræpir.
- d. Grimma varðhunda má einungis hafa, að áðurfengnu sjerstöku leyfi lögreglustjóra, og gegn því að hlíta þeim nánari ákvæðum, er hann kann að setja í hvert skifti þeim viðvíkjandi.

VIII. KAFLI.

Um friðun almenningseigna o. fl.

62. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og tölu- spjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur aka eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trjegirðingum, sem liggur að almannafæri.

63. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, nje setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

80
17. des.

64. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitinn á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

IX. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

65. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldin, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð skulu húseigendur halda við á sinn kotnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

66. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemt-anir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögnum.

Á rafmagns- eða símastaura má engar auglýsingar festa.

67. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglegar auglýsingar má enginn rífa niður eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

80
17. des.

X. KAFLI.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

68. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og drykkja eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

69. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gestast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur ekki sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta druknum manni í tje neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitingar- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

70. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma. Allir veitingastaðir skulu lokaðir jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag.

71. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin, hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

72. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinberar skemtanir án leyfis

lögreglustjóra. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys. **80**
17. des.

73. gr.

Hver sá, sem samkvæmt ofanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng, hlutaveltu eða einhverja þá skemtan eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við það eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

74. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefir fengið til að halda skemtanir, samkvæmt 68. og 69. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sjerhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

75. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal húseigandi eða veitingamaður sjá um, að því sje ávalt haldið vel hreinu.

XI. KAFLI.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

76. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir eftirlit með öllu því, sem lítur að almennum þrifnaði í bænum, eftir þeim ákvæðum, sem þar eru um gefin í heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins.

77. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gjört á lokuðu svæði, þar sem aðrar skepnur geta ekki sjeð blóðvöllinn. Allar skepnur skulu aflífaðar með skoti. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er, og það er stranglega bannað, að börn innan 14 ára sjeu á slátrunarstöðum, þegar slátrun fer fram.

80
17. des.

78. gr.

Ekkert hús eða herbergi í húsi má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hætta búin. En hvort svo sje, ákveður heilbrigðisnefnd.

79. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

80. gr.

Hey, þang, kolasalla, mold eða þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um almannafæri, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.

81. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo, að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

82. gr.

Á húshliðar eða gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng nje annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur eða opin ílát með fiskiúrgangi við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

83. gr.

Á tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

84. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má eigi hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlímdu gryfjum vandlega byrgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

85. gr.

Skyllt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð kringum hús hans, eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem

gerist sekur um slikt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns. **80** 17. des.

86. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu í göturæsið og skal leiða alt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturrennur og sjá um, að afrensi í þeim stíflist ekki.

87. gr.

Götur bæjarins og göturæsin skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

88. gr.

Reykháfar skulu hreinsaðir tvisvar sinnum á ári, í apríl og október. Hreinsunina framkvæma sótarar, sem bæjarstjórnin skipar, gegn ákveðnu gjaldi.

XII. KAFLI.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

89. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar-kaupstaðar.

90. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni, renna í bæjarsjóð.

91. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára, drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

92. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsyn-

80 legar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við
17. des. þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjór-
inn gerir til að hindra brot gegn samþyktinni, greiðir bæjarsjóður til
bráðabirgða, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að
fullu og má innheimta hann með lögtaki, ef með þarf.

93. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykt þessari, og
eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

94. gr.

Með samþykt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykt fyrir
Hafnarfjarðarkaupstað frá 14. desember 1908, viðauki við samþykt
þessa nr. 11, 20. jan. 1911, og um breytingu á henni, nr. 67, 27.
maí 1919.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga
að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1928.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

St. Gunnlaugsson.